Leikskólinn Sólhvörf



Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2026 – 2027

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Efnisyfirlit

1. Formáli 3
2. Inngangur 3
3. Skólastarfið/Leiðarljós 4
4. Mat á skólastarfi 5
Innra mat leikskólans 5
Ytra mat 6
5. Umbótaáætlun 8
6. Áherslur í starfi leikskólans 8
7. Þróunar- og nýbreytnistarf 10
8. Foreldrasamstarf 11
Foreldraráð 11
Foreldrafélag 11
10. Símenntunaráætlun 12
Skipulagsdagar 13
11. Aðrar upplýsingar 13
12. Húsnæði og lóð 13
Skólaárið 2025 - 2026 13
Óskir um viðhald skólaárið 2026 – 2027: 14
13. Öryggismál 14
14. Lokaorð 15
15. Fylgigögn 16
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun 16
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun 16
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 16
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs 16

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, Menntastefnu Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Leikskólaárið 2025-2026 fór vel af stað með fullskipað lið starfsmanna og 133 börnum í dvöl. Elstu börnin okkar voru 38 sem er stærsti árgangurinn sem að leikskólinn hefur útskrifað. Yngri börnum er alltaf að fjölga og er áskorun að vera í húsnæði sem er ekki hannað fyrir þau, m.a. er aðgengi að salerni og skiptiaðstöðu fyrir utan deildarnar (ekki innangengt). Eins eru hólf barnanna í fataklefa ekki til þess fallin að auka sjálfshjálp barnanna, en það er einn af mörgum þáttum sem að starfsmenn leikskólans leggja sig fram við að kenna börnunum.
Árlegu flensurnar fóru að stinga sér niður hver af annarri í október, sem gerði það að verkum að starfsfólk þurfti lengri tíma til að jafna sig en ella. Árið gekk þó hnökralaust fyrir sig þó að 4 starfsmenn fóru í langtímaveikindi eftir áramótin. Þrátt fyrir áskoranir þá tókst okkur með samvinnu starfsfólks, umhyggju og jákvæðni að standast þær allar án vandræða.
Dóra Margrét Guðmundsóttir var ráðin sem leikskólastjóri í febrúar og Elva Dögg Sigurðardóttir var ráðin sem aðstoðarleikskólastjóri í apríl.

Leikskólaárið 2026-2027 er ekki hafið en stórar breytingar verða þar sem að leikskólinn fer úr sjö deilda leikskóla í sex. Færanleg skólastofa sem hefur verið á lóðinni fer þar sem að fækkun er veruleg á börnum í efri byggðum Kópavogs. Þó söknuður verði af skólastofunni þá er samsetning hópsins þannig að fleiri yngri börn eru í leikskólanum og skólastofan hentar illa fyrir þeirra þarfir. Allar deildar leikskólans verða aldurshreinar, fjórar deildar fyrir yngri börn og tvær fyrir tvo elstu árgangana. Nú þegar er 101 barn komið með vistun og má gera ráð fyrir að þau verði 115-120 þegar nýtt skólaár hefst. Ekki þarf að fara í ráðningar nýrra starfsmanna þar sem að skólinn er núþegar fullmannaður en of snemmt er að slá því á fast þar sem að margt getur breyst á einni viku í leikskólalífinu sem kollvarpar starfinu.

Áfram munu helstu áherslur starfsins vera málörvun þar sem málörvunarefnið *Lubbi finnur málbein* myndar rammann. Einnig vinnum við áfram að verkefnum tengdum Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna sem nú þegar eru orðinn stór hluti af þeim hugsunarhætti sem við höfum tamið okkur. Útivera er einnig mikilvægur þáttur í öllu okkar starfi og með bættri aðstöðu á lóðinni og aukinni áherslu á vettvangsferðir fær útiveran meðvitaðri sess í starfinu.

Starfmenn leikskólans stefna á námsferð vorið 2027 og er skipulagið tengt henni á frumstigi. Við horfum til þeirra áherslna sem leikskólinn stendur fyrir og sjáum fyrir okkur að starfsfólk fái námskeið tengt barnasáttmálanum og farsæld barna sem og að leikskólar verði heimsóttir sem vinna að þessum þáttum. Námsferðir eru mikilvægar fyrir endurmenntun starfsfólks sem

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

og að hópurinn hristist betur saman sem teymi. Það starfsfólk sem af einhverjum orsökum kemst ekki með í ferðina fær fræðslu í formi fyrirlestra hér heima.

3. Skólastarfið/Leiðarljós

Leikskólastarfið tekur á hverju ári mið af þeim barnahóp sem þar stundar nám og er því samsetning ólík frá ári til árs. Hver deild starfar sem sjálfstæð eining innan Sólhvarfaheildarinnar og setja starfsmenn saman undir leiðsögn deildarstjóra dagskipulag, vaktaplan og annað sem mikilvægt er að allir séu meðvitaðir um. Það getur verið mikill munur á árgangastærð frá ári til árs og því mikilvægt að starfsmannahópurinn sé sveigjanlegur svo hægt sé að nýta húsnæði og starfsmenn með sem bestum hætti. Auk þeirra rýma sem hver deild hefur yfirráð yfir eru sameiginleg rými eins og íþróttasalur og listasmiðja samnýtt með skipulögðum hætti.
Leiðarljós leikskólans eru virðing, sjálfræði og virkni en þau hafa verið frá upphafi leikskólans. Búið er að sá fræjum til starfsmanna og er stefnan tekin á að ný leiðarljós verði kynnt fyrir árslok 2026.
Málörvun er sá þáttur sem að við leggjum lykiláherslu á og er skólastarfið gegnsýrt af því. Hver deild vinnur að málörvun eins og hentar þeirra barnahóp en þó vinna allar deildar með málhljóð vikunnar úr bókinni *Lubbi finnur Málbein* (Málörvun og Lubbi) á sama tíma. Sérstök áhersla er lögð á að sinna snemmtækri íhlutun þegar kemur að málþroska og sinna fjöltyngdum börnum (Leikskólinn Sólhvörf). Til þess notum við m.a. yndislestur, Gefðu 10 og litla málörvunarhópa.
Leikskólinn Sólhvörf er einn af þeim leikskólum sem vinnur markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í sínu starfi og eru verkefni og áherslur sem tengjast þeirri vinnu til staðar í öllu starfinu (Um Barnasáttmálann | Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna). Við störfum ásamt fleiri leikskólum áfram að því að stækka verkefnið, deila hugmyndum og festa vinnuna í sessi í öllum leikskólanum. Verkefni og nálgun taka mið af aldri barna og samsetningu barnahóps en miða öll að því að auka lýðræðislega þátttöku barna, gefa þeim rödd og taka mið af skoðunum þeirra þegar ákvarðanir eru teknar. Í vetur verður áfram unnið með að dýpka verkefnið, auka almenna þátttöku í starfsmannahópnum, setja upp Barnasáttmálagleraugun við flestar ákvarðanir og styðja við verkefni fyrir yngsta hópinn.
Við höfum lengi unnið með Vináttuverkefni Barnaheilla (Vinátta og Blær) sem hefur fest rætur í okkar starfi. Öll börn leikskólans koma að verkefninu en nálgunin er mismunandi eftir aldri. Öll börn eiga sinn Blæ bangsa og er hann bæði nýttur í formlegum stundum sem og t.d. í hvíld eða þegar barni vantar huggun. Sumar deildir tengja verkefnið t.d. við útiveru, barnasáttmálaverkefnið, málörvun og fleira svo verkefnið er ekki eins og skraut uppi í hillu, það er notað dags daglega.
Útivera er stór þáttur í öllu starfinu og þar eru margvísleg verkefni unnin ásamt því að leggja áherslu á frjálsa leikinn. Umhverfi leikskólans bíður upp á margar vettvangsferðir og stutt er að koma sér í strætó til þess að stækka hringinn okkar. Guðmundar- og Magnúsarlundur eru oft nýttir til ævintýraferða sem og Elliðavatn.
Frumvinna er hafin á Skólanámskrá og verður áfram í vinnslu á þessu skólaári.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Sólhvarfa eru *á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra*. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks.

Matsþættir	**2025 - 2026**	**2026 - 2027**	**2027 - 2028**	**2028 - 2029**
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x	x	x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x	x	x
Faglegt samstarf	x	x	x	x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x		x	
Viðhorf foreldra	x		x	
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

- Deildastjórar tóku þrjú starfsmannasamtöl við starfsmenn deilda sinna, á skipulagsdögum í janúar, mars og maí. Niðurstöður samtalanna voru þær að starfsfólk var í heildina mjög ánægt í vinnunni. Þeim fannst gott upplýsingaflæði og upplifði að á þau væri hlustað. Þá töluðu margir um að sýnileiki stjórnenda gerði þau öruggari í starfi. Nokkrir nefndu hversu gott væri að leita til annarra deilda ef t.d. mannekla kæmi upp til að samnýta starfsfólk og lána á milli deilda.

- Teymisfundir vegna barna með sérþarfir fóru reglulega fram og lausnarteymi leikskólans náði oftast að funda á tilsettum tíma þó nokkrir fundir hafi dottið út vegna ýmissa áskorana. Deildastjórafundir voru haldnir tvisvar í mánuði. Þar sem einn fundur var á ábyrgð skólastjórnenda en hinn var vinnufundur deildastjóra þar sem þeir gátu farið yfir stöðuna á sinni deild, fengið ráðleggingar og skipst á skoðunum. Ritari á deildastjórafundum sá um að koma upplýsingum er varðaði allt starfsfólk leikskólans áleiðis með útprentaðri fundargerð sem fór inn á allar deildar leikskólans.

- Samráðsfundur verður með Vatnsendaskóla í september vegna samstarfs milli skólastiga, en sá fundur er haldinn árlega þar sem skipulag vetrarins er ákveðið og sett niður dagskrá.

- Skemmtinefnd leikskólans fundaði nokkrum sinnum yfir árið og bauð upp á skemmtilega viðburði til að efla starfsandann.

- Börnin mátu m.a. hvað er vinátta/vinur, hvaða leikefni eigi að nota, hvernig líður mér/öðrum, hvernig sjáum við tilfinningar, hvað á að vera í matinn/er allur matur hollur.

- Eftirfarandi mælitæki EFI-2, TRAS og Hljóm-2 (Mat á námi og þroska) eru markvisst nýtt til þess að skima málþroska og hljóðkerfsvitund allra barna í leikskólanum á mismunandi aldri. Þau hjálpa kennurum að greina frávik í málþroska svo hægt sé að grípa til snemmtækrar íhlutunar og veita markvissa málörvun. Sérkennslustjóri sér um að kynna foreldrum niðurstöður ásamt deildastjóra viðkomandi deildar barns.

Skólaárið 2026 - 2027 verður lögð áhersla á heilbrigði og vellíðan í innra mati.

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra af utanaðkomandi aðila. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

- Hitatækni framkvæmdi úttekt og hreinsun á loftræstikerfi, fitugildrum og tengdum búnaði í september 2025. Búnaður og aðstæður voru í fullnægjandi ástandi við skoðun og ekki er þörf á endurskoðun fyrr en að 12 mánuðum liðnum.

- Vinnueftirlitið kom síðast í maí 2025 og gerðu þeir engar frekari athugasemdir þar sem búið var að bæta úr sumum þáttum sem þurfti að laga og að leikskólinn væri búinn að gera tímasetta áætlun til úrbóta.

- Eldvarnareftirlit fer fram á mánaðarfresti og er í höndum húsumsjónarmanns leikskóla Kópavogsbæjar. Einnig er einn starfsmaður umsjónamaður eldvarna leikskólans og hann ásamt tveimur börnum á eldri deildum leikskólans fara yfir eldvarnir og tryggja að allt sé eins og það á að vera.

- Öryggiseftirlit lóða
  Lóðin var endurnýjuð 2025 og heilbrigðiseftirlitið fór yfir lóðina 2026. Starfsmenn deilda skiptast á að sinna eftirliti á skólalóðinni daglega, áður en börnin fara í útiveru. Mikið af tóbakstuggum/baggi hefur fundist á skólalóðinni en einnig litlir pokar sem hafa innihaldið gras (dópið). Þá hafa verið framin skemmdarverk á skólalóðinni, brotist inn í dótaskúr á baklóð, tvisvar skorið á sætið í rólum og djúp sár á grasi eftir bifhjól.

- Vinnustaðagreining var framkvæmd vorið 2026 af Prósent sem sendi könnun á allt starfsfólk leikskólans. Skrifstofa mannauðs- og kjaramála er ábyrgðaraðili könnunarinnar og tengiliður við Prósent. Starfsmannakönnunin veitir starfsfólk tækifæri til að setja fram upplifun sína af líðan í starfi, starfsánægju og koma með tillögur að umbótum hvað varðar starf, starfsumhverfi og stjórnun. Einnig er mælt álag og spurt úr í fræðsluþarfir. Helstu niðurstöður voru þær að mikil ánægja er með stjórnun, fræðslu til starfsmanna og upplýsingaflæði. Álag er þáttur sem margir finna fyrir en flest starfsfólk var á því að það þýddi ekki að þeim langaði ekki í vinnuna. Þá kom einnig fram að einn mikilvægasti þátturinn sé samskipta- og aðlögunarhæfni starfsfólks í öllum aðstæðum sem upp geta komið. Lægsta einkunin kom þegar spurt var um stjórnendur á bæjarskrifstofum og aðgengi að þeim, en flest starfsfólk í leikskólum er ekki í samskiptum við þá aðila og því spurning hvort að sleppa eigi þeirri spurningu í næstu könnun.

- Skólapúlsinn framkvæmdi könnun meðal foreldra vorið 2026 og var svarhlutfallið 77%. Helstu niðurstöður voru þær að foreldrar upplifðu öryggi og að börnunum liði vel. Þeim fannst leikskólastarfið faglegt og fjölbreytt og upplifði að starfsfólk væri alla jafna jákvætt með gott viðmót. Þá nefndu sumir að þeim fannst stöðuleiki kominn í starfsmannahópinn. Flestir voru á því að maturinn væri góður og hollur og þá var mikil ánægja með að hann væri eldaður frá grunni á leikskólanum. Margir nefndu góða stjórnun skólastjórnenda og að gott aðgengi væri að þeim. Hluti foreldra nefndi að þeim fannst Glaðheimar/skúrinn á skólalóðinni ekki spennandi kostur fyrir börnin þar sem að þeim fannst börnin fara á mis við tengingu við skólabygginguna og vera þar af leiðandi frekar einangruð þar. Þá töluðu nokkrir foreldrar yngri barna um að margar spurninganna í könnuninni eigi ekki við foreldra yngri barna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

5. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Sólhvörfum er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í *fylgisskjali 1*.

6. Áherslur í starfi leikskólans

- **Barnasáttmálinn:**
  Leikskólinn Sólhvörf er réttindaskóli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Um Barnasáttmálann | Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna), var einn af fyrstu leikskólunum í heiminum að fá þann titil, og fékk sína aðra viðurkenningu í júní 2025. Verkefni Unicef í tengslum við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er komið til þess að vera og mikilvægt að halda því lifandi, finna nýjar nálganir og minna á að börnin eiga að eiga rödd og aðkomu að ákvörðunum sem að þeim snúa. Þetta þarf sífellt að minna á og festa það enn frekar í sessi á öllum deildum. Starfsmannahópurinn fer einnig reglulega í gegnum verkefnin svo hann tileinki sér vinnubrögð og nálganir.

- **Heimsmarkmiðin:**
  Kópavogur er samfélag sem byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum og hluti af því er að leikskólarnir vinni eftir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (Heimsmarkmiðin í Kópavogi). Unnið er til að mynda að því að stuðla jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu, að börn, foreldrar og starfsfólk leggi sig fram við að gera það sem þeir geta til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum. Á leikskólanum Sólhvörfum er börnunum m.a. kennt hvað matarsóun sé, hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir auðlindum jarðar, hvernig má nýta þær betur og spara fé. Þetta byrjaði sem verkefni fyrir elstu börnin en er unnið með flestum börnum leikskólans í dag, að undanskildum yngstu börnunum. Í hverjum matartíma barnanna er skál á borðinu þar sem að börnin safna matarafgöngum til að fara með í „moldvörpuna“ og er mikið kappsmál að það séu sem minnstar matarleifar í skálinni. Moldvarpan er moltuvél sem staðsett er inni í matsal og börnin setja matarafganga í hana. Börnin tæma síðan moldina úr moltunni og fara með í moltutunnur sem eru á skólalóðinni.

- **„Okkar leikskóli“**:
  er verkefni sem Kópavogsbær stendur að. Verkefnið gengur út á að gefa börnunum í leikskólanum ákvörðunarrétt um hvernig þau vilja nýta ákveðna fjárupphæð árlega til að bæta aðstöðu þeirra í leikskólanum. Með verkefninu er einnig verið að efla lýðræðislega virkni barnanna og fá þau til að huga að þróun á eigin umhverfi. Virk þátttaka barna í ákvarðanatöku byggir upp markvissa þekkingu og styrkir getu þeirra til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðisþjóðfélagi. Með því að vinna markvisst með lýðræði eflum við félagshæfni barna og þau læra að hlusta og bera virðingu fyrir fyrir ólíkum skoðunum og móta sínar eigin.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Kópavogsbær gefur 1000 krónur á hvert barn í leikskólanum og eigum við eftir að halda fundi með börnum leikskólans um hvernig þau vilja nýta þá upphæð. Í fyrra hélt hver deild fyrir sig fund með öllum börnum deildarinnar, að undanskildum yngstu þremur deildunum. Hugmyndir barnanna voru skrifaðar niður á hugarkort og þær hugmyndir sem komu oftast upp var kosið um. Kosningin fór þannig fram að hugmyndirnar voru settar myndrænt niður á blað og eitt barn í einu fór til kennara og merkti við þá mynd sem það vildi gefa atkvæði sitt. Misjafnt var milli deilda hvernig börnin vildu verja peningunum. Ein deild bað t.d. um legókalla, önnur um spil og þriðja bað um smíðasett.

- **Áherslur um heilsu og vellíðan:**
  Í leikskólanum leggjum við ríka áherslu á heilsu og vellíðan bæði barna og starfsfólks. Markmið okkar er að skapa öruggt, jákvætt og uppbyggilegt umhverfi þar sem öllum líður vel, njóta sín og geta vaxið og þroskast. Við trúum því að vellíðan sé forsenda náms, leikgleði og farsælla samskipta.Til að styðja við heilsu og vellíðan leggjum við áherslu á daglega hreyfingu, útivist, hollt mataræði, nægan hvíldartíma og jákvæð samskipti. Við vinnum markvisst að því að efla félagsfærni, sjálfstraust og seiglu barna og leggjum áherslu á virðingu, umhyggju og þátttöku í öllu starfi.
  Vellíðan starfsfólks er einnig mikilvægur þáttur í gæðum leikskólastarfsins. Við stuðlum að góðum starfsanda, samvinnu, faglegum stuðningi og heilbrigðu vinnuumhverfi þar sem starfsfólk fær tækifæri til að eflast og njóta sín í starfi.

- **Endurskoðun skólanámskrár:**
  Veturinn 2026-2027 verður áfram unnið með fastar áherslur starfsins og lögð sérstök áhersla á að allir starfsmenn séu meðvitaðir um hvað við í Sólhvörfum stöndum fyrir. Eitt af því er vinna við skólanámskránna en sú vinna er á byrjunarstigi og verður áfram unnið með hana á komandi skólavetri.

- **Lausnateymi:**
  Hefur verið fest í sessi og betur gengur að skipuleggja og halda utan um fundi þess. Fundir eru vikulega á dagskrá en ekki er alltaf þörf fyrir þá og er þá hægt að nýta fundartímann fyrir aðra fundi. Þetta er í góðum tengslum við aukna áherslu á samþætta þjónustu og samstarf okkar við utanaðkomandi aðila sem tengjast málefnum barnanna okkar. Í lausnateyminu eru leikskólastjóri, aðstoðarskólastjóri og sérkennslusjóri.

- **Áætlun um læsisstefnu**
  Unnið verður áfram að áætlun um mótun og innleiðingu læsisstefnu sem styður við málþroska, læsi og áhuga barna á tungumáli og tjáningu í gegnum leik og daglegt líf í leikskólanum. Hugtakið læsi var kynnt fyrir öllu starfsfólki og foreldrum. Svörum frá starfsfólki safnað við spurningum eins og „hvernig getum skipulagt lestrarstundir á sem bestan máta fyrir öll börn“ og „hvernig getum við notað umhverfið á læsisörvandi hátt“.

- **Viðmið um málstefnu**:
  Unnið verður að gerð málstefnu og innleiðingu hennar á skólaárinu. Byrjað verður á að funda með deildastjórum og sérkennslustjóra og grunnur lagður að henni. Allt

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

starfsfólk leikskólans mun svo í framhaldinu koma að málstefnunni og mótun hennar á skipulagsdegi.

- **Nýjar áherslur í aðalnámskrá**:
  Nýjar áherslur í aðalnámskrá tóna vel við starf leikskólans í dag og munum við halda áfram með þær áherslur sem þar koma fram. Þar ber hæst félagsleg inngilding en vegna fjölgunar fólks m.a. af erlendum uppruna, börnum, foreldrum og starfsmönnum, er mikilvægt að sinna þessum þætti mun betur en áður. Allir hlutaðeigandi eiga rétt á að upplifa sig sem fullgilda þátttakendur í leikskólanum og það er á okkar ábyrgð að vinna að því.

- **Handbók um móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn**:
  Handbókin er góður leiðarvísir fyrir starfsfólk leikskólans, sem hefur nýtt sér upplýsingar frá henni og leiðir, til að taka vel á móti börnum og foreldrum þeirra með annað tungumál eða menningarbakgrunn.

  Hæfnirammar í íslensku:
  Leikskólinn notar Hæfniramma í íslensku fyrir öll börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

- **Farsældin**:
  Allt starfsfólk leikskólans hefur fengið fyrirlestur um farsældarlögin og hvað felist í farsæld barna (Farsæld barna | Kópavogur). Stefnt er á fyrirlestra henni tengdri í fyrirhugaðri námsferð leikskólans 2027.

7. Þróunar- og nýbreytnistarf

Vatnsendaskóli:
Samstarf hefur alltaf verið náið við Vatnsendaskóla og unnið samkvæmt fastri dagskrá. Elstu börnin í leikskólanum heimsækja skólann fimm sinnum yfir veturinn en auk þess koma vinir okkar í fyrsta bekk Vatnsendaskóla í heimsókn til okkar, vinabekkur afhendir bréf, við göngum saman á degi gegn einelti og fögnum saman á vináttuhátíð í Guðmundarlundi. Lestrarvinir úr 5. og 7.bekk koma og lesa fyrir okkur mánaðarlega og einnig er boðið upp á leikskólaval á elsta stigi og þeir nemendur starfa í leikskólanum í tvo tíma einu sinni í viku. Til gamans þá voru 15 ungmenni sem að skráðu sig í leikskólavalið á síðasta skólaári og þurfti að skipta þeim í þrjú holl. Við vonum að samstarfið muni bara aukast á komandi árum enda gegna þessar einingar lykilhlutverki í samfélagi hverfisins. Einnig höfum við verið að auka samstarf við Vatnsendaskóla um börn sem eru í skólaforðun og vegna áskorana í hegðun, þroska eða námi.

K-PALS:
Við komum til með að halda áfram í þróunarverkefni í tengslum við námsefnið K-PALS, (K. PALS Læsi | SÍSL sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir) en elstu börn leikskólans verða í þessu verkefni með sínum kennurum. Við erum, ásamt nokkrum leikskólum innan Kópavogs, í samstarfi við okkar hverfis grunnskóla en markmið með þessu verkefni er að skoða hvort að félagakennsla (K-PALS) í leikskóla komi til með að hafa jákvæð áhrif á byrjendalæsi í fyrstu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

bekkjum grunnskóla. Kennarar leikskóla fara eftir handriti af kennslustundum þar sem bein kennsla fer fram hluta af kennslunni. Þar er markviss innlögn hljóða sem styrkir hljóðavitund. Annar hluti af kennslunni fer fram með því að börn kenna börnum hljóð. Með félagakennslu og hrósum eflast m.a. félagsleg tengsl barna. Á fundi með verkefnastjórum, verkefnisins, menntasviði og tengiliðum skólanna sem taka þátt kom skýrt í ljós að veruleg bæting hafi orðið á tileinkun fjölda hljóða hjá börnunum.

Lausnahringurinn í leikskólum Kópavogs:
Við munum taka þátt í nýju þróunarverkefni sem heitir *Lausnahringurinn í leikskólum Kópavogs* og fékk Menntasvið styrk frá Sprotasjóði vegna verkefnisins (Lausnahringurinn — Samtalið).
Lausnahringurinn í leikskólum Kópavogs er heildstætt þróunar- og forvarnarverkefni sem miðar að því að innleiða lausnamiðaða samskipta- og félagsfærniaðferð í leikskólum bæjarins. Verkefnið byggir á íslenskri aðferð sem styður forvarnir með því að efla félags- og tilfinningafærni barna í gegnum leik, samskipti og daglegar aðstæður.
Lausnahringurinn styrkir sjálfstjórn, samkennd og heilbrigð samskipti barna og fellur að alþjóðlegri SEL-hugmyndafræði (Social and Emotional Learning), sem sýnir að snemmtæk þjálfun í þessum færniþáttum er lykill að farsæld til framtíðar. Verkefnið styður markmið Aðalnámskrár leikskóla, farsældarlög barna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og innleiðingu Réttindaskóla UNICEF í Kópavogi.

8. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forsjáraðilar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla en markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur eru að finna á heimsíðu leikskólans Foreldraráð Sólhvarfa.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Viðburðir foreldrafélagsins og aðkoma að starfi leikskólans eru í mjög föstu formi og unnin í frábæru samstarfi við leikskólann. Foreldrafélagið býður upp á jólasveina á jólaballi, kemur að páskaeggjaleit, kaupir leik- eða tónlistarsýningu og skipuleggur foreldrahátíð að sumrinu. Síðustu tvö ár hefur foreldrafélagið síðan styrkt okkur með leikfangakaupum á hverju vori. Foreldrafélag Sólhvarfa

Kosið er í nýtt foreldraráð og foreldrafélag á haustfundi leikskólans og foreldrum tilkynnt í tölvupósti og á heimasíðu leikskólans hverjir sitja í hvaða ráði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

9. Starfsfólk

Í leikskólanum Sólhvörfum er gert ráð fyrir 19,95 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 75% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 75 % stöðu sérkennslustjóra og 225 % stöðugildi í eldhúsi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysingar vegna veikinda, undirbúningstíma, skóla hjá starfsfólki og sérkennslu barna samtals 24,45 stöðugildi.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahóp leikskólans. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sem höfðu sinnt afleysingu í eitt ár, voru ráðnir í sínar stöður. Tveir starfsmenn fluttu út á land, leiðbeinandi með deildastjórn og leiðbeinandi með stuðning. Einn starfsmaður (deildastjóri), útskrifaðist með MT í leikskólakennarafræðum og annar með B.ed í leikskólakennarafræðum. Önnur stór breyting sem kemur til með að hafa áhrif á starfsmannahópinn og stöðugildi er að leikskólinn minnkar um eina deild næsta skólaár, þar sem að færanleg skólastofa sem er á lóðinni verður tekin og færð annað.

Síðasta skólaár voru 19,8 stöðugildi, en þar af 4,5 stöðugildi vegna sérkennslu. Leikskólaárið 2026 - 2027 munu líklega starfa 42 starfsmenn, í mismunandi starfshlutfalli, auk stjórnenda og starfsfólks í eldhúsi, 4 leikskólakennarar þar af 2 með deildarstjórn og tveir skólastjórnendur, sérkennslustjóri(þroskaþjálfi), 3 starfsmenn í eldhúsi þar af 1 menntaður matreiðslumeistari, 1 starfsmaður í sérverkefnum, 12 háskólamenntaðir starfsmenn(aðstoðarleikskólakennari, þroskaþjálfi, 3 uppeldis- og menntunarfræðingar, íþróttakennari, tveir félagsráðgjafar, viðskiptafræðingur, íslenskufræðingur, sálfræðinemi og leikskólaliði) og 19 leiðbeinendur þar af þrír sem komust inn í leikskólakennarafræði og ein sem heldur áfram í uppeldis og menntunarfræðum.

Deildarstjóri er yfirmaður hverrar deildar en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskóla Kópavogs og er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópinn á sumrin. Eins höfum við ráðið til okkar sumarstarfsmenn sem koma þá í stað þeirra starfsmanna sem eru að taka út orlof.

10. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (*sjá fylgiskjal 2*) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann. Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólk til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði.

Skjal sótt af '000000000' dags: 10.11.2026

Skipulagsdagar

1. Föstudaginn 18.September- *Fyrirlestur um Brunavarnir og Hringekkja með ýmsum fræðslumolum inn í starf vetrarins. Hópefli fyrir starfsfólk*

2. Miðvikudaginn 11.nóvember – *Deildafundir og undirbúningur árlega jólaverkstæðis Sólhvarfa fyrir börn og foreldra*

3. Föstudaginn 15.Janúar – *Endurmat á starfi haustsins. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um dagskrá að öðru leiti*

4. Þriðjudaginn 9. mars – *Ekki hefur verið tekin ákvörðun um dagskrá*

5. Föstudaginn 7. maí – *Stefnt er á að fara í námsferð og taka þá auka skipulagsdag (6.skipulagsdaginn) 5.maí eða 10.maí. Skipulag fer á fullt í ágúst*

Hafa skal í huga að þetta eru drög að dagskrá skipulagsdaga.

11. Aðrar upplýsingar

Næsta skólaár verða að öllum líkindum um 115-120 börn í leikskólanum á 6 deildum, en fækkun verður á börnum þar sem að færanleg skólastofa sem hefur verið síðustu ár á lóðinni og nýtt sem ein deild verður fjarlægð og flutt annað. Yngri börnum hefur verið að fjölga og í ár eru fjórar deildar með yngstu börnin 1-3 ára, ein deild með 4 ára og ein deild með 5 ára. Núþegar er búið að innrita 101 barn
Húsnæðið er óhentugt fyrir yngri börnin og því ekki eins auðvelt að samnýta sameiginleg svæði en unnið er að því að skoða hvernig rýmin geta nýst sem best. Af þeim sökum er sérstaklega mikilvægt að endurreikna rými skólans og að úthlutun í ágúst taki tillit til samsetningar í barnahópnum og rýmanna í leikskólanum.
Dvalartími barna hefur styst eftir að breytingar í áherslum og gjaldtöku tóku gildi en ekki er hægt að sjá fyrir hver dvalartíminn verður næsta vetur, sérstaklega þar sem að foreldrar nýrra barna sem eiga eftir að koma í aðlögun sækja vanalega um 8 klst vistun, en breyta henni jafnvel eftir að aðlögun líkur.
Sótt var um 2,7 stöðugildi vegna sérkennslu barna í 1. og 2. flokki og fjöltyngd börn í leikskólanum verða um 20.

12. Húsnæði og lóð

Skólaárið 2025 - 2026

Unnið var að ýmis konar smáverkefnum og viðhaldi, hurðapumpur voru lagaðar sem og lekar lagnir inni á salernum barnanna á báðum göngum.

- Nokkrum sinnum þurfti að laga lekann krana inni í eldhúsi og skipta þurfti um viftu fyrir ofan uppþvottavél, fá stærri, þar sem að mikil gufa myndaðist alltaf inni í eldhúsinu.
- Byrjað var að sparsla og mála deildar leikskólans 2026 og það verk verður vonandi klárað fyrir sumarlokun leikskólans

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

- Þá voru gluggar lagaðir, en þeir hafa verið að leka í nokkur ár í vissri veðurátt.
- Skipt var um öll loftljós leikskólans og eru nú öll rými með LED lýsingu og ljósastýringu (dimmer)

Leikskólinn verður bónaður og þrifinn hátt og lágt í sumar 2026.

Óskir um viðhald skólaárið 2026 – 2027:

Verkefni sem óskað er eftir	Einkunn
Sparsla og mála leikskólann að innan, málning farin að flagna af veggjum og sér í múrinn. Deildarnar í forgangi með þá vinnu	2
Borð og stólar fyrir börn í öllum rýmum stólbök og sæti mörg hver brotin. Óhentugt að ekki sé hægt að hækka og lækka borðin og stólana, miðað við þörf og samsetningu barnahópsins hverju sinni. Erum búin að fá nokkur ný borð og stóla sem við erum ánægð með og viljum gjarnan fá fleiri.	3
Kastalinn á baklóðinni, vantar að finna lausn á að börnin geti ekki klifrað utan á honum	1
Ofnalagnir, einangrun og málning er farin að flagna af ofnalögnum sem skapar brunahættu. Búið að setja lagnir í stokk á sumum stöðum, en þarf að klára	1
Gluggakistur, börnin eiga til að festa sig í grindum sem liggja fyrir ofan ofna við gluggana. Spurning hvort að hægt sé að setja heila plötu/gluggakistu yfir ofnana.	1

13. Öryggismál

Öryggistrúnaðarmaður: Anna Þóra Ragnarsdóttir
Öryggisverðir: Allt starfsfólk leikskólans
Öryggisnefnd og áfallaráð: Dóra Margrét, Elva Dögg og Inga Birna

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Sjóvá.
Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.
Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti. Allt starfsfólk leikskólans eru öryggisverðir, en deildarnar skiptast á að vera með eftirlit á leikskólalóðinni fyrir útiveru barnanna á morgnanna. Yngri deildarnar skiptast á að fylgjast með lóðinni að framan og eldri deildarnar fylgjast með baklóðinni. Starfsfólkið sem fer með eftirlit er með þar tilgerða lista sem þau merkja m.a. við hvað fannst á lóðinni og hvaða úrbætur þurfi að eiga sér stað.

Skólaárið 2025 - 2026 urðu 6 slys á börnum. Slysin á útisvæði voru 4, eitt barn var að klifra utan á kastalanum þar sem ekki á að vera að klifra, fellur niður og lendir á bakinu , annað datt af jafnvægistöng og fékk skurð á hökuna, einn renndi sér á maganum niður rennibrautina og fékk spungu í vör og að lokum fékk eitt barnið sár á tunguna eftir að sleikja ljósastaur. Innanhúss voru slysin 2, barn datt um skó af öðru barni í fataklefa og fékk mar á hökuna. Annað barn var að hlaupa í gluggakistu, datt úr henni og fékk blóðnasir. Ekkert af þessum slysum var þess eðlis að hægt væri að koma í veg fyrir þau. Búið er að senda inn beiðni með að mála ljósastaura með sérstakri málningu sem og að biðja um að fá lausn á að börnin geti ekki klifrað utan á kastalanum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

14. Lokaorð

Næsta skólaár verður áhersla á að þróa og efla faglegt leikskólastarf með þarfir barna, vellíðan og nám að leiðarljósi. Miklar breytingar verða á skipulagi leikskólans þar sem hann verður sex deilda í stað sjö deilda eftir að færanlega skólastofan verður fjarlægð af lóðinni. Samsetning barnahópsins hefur breyst á undanförnum árum og yngri börnum fjölgað, sem gerir það að verkum að erfiðara reynist að nýta sameiginleg opin rými. Starfsfólk er þó ekki af baki dottið og hefur fundið lausnir á málinu með góðu skipulagi og samstarfi milli deilda.

Áfram verður lögð sérstök áhersla á málörvun og málþroska barna þar sem námsefnið *Lubbi finnur málbein* myndar rammann utan um markvisst starf á því sviði. Einnig heldur leikskólinn áfram þátttöku í þróunarverkefninu *K-PALS*, sem hefur sýnt jákvæð áhrif á hljóðavitund, byrjendalæsi og félagsleg tengsl barna. Samhliða því verður tekið þátt í nýju þróunarverkefni, *Lausnahringnum*, sem miðar að því að efla félags- og tilfinningafærni barna, sjálfstjórn, samkennd og uppbyggileg samskipti.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og réttindi barna verða áfram leiðarljós í starfinu og hefur sú hugsun nú þegar fest sig í sessi sem mikilvægur hluti af menningu leikskólans. Þá verður áfram lögð áhersla á heilsu og vellíðan bæði barna og starfsfólks með daglegri hreyfingu, útivist, jákvæðum samskiptum og umhverfi sem styður við öryggi, þátttöku og vellíðan allra.

Gott foreldrasamstarf er einnig ein af lykiláherslum leikskólans. Við leggjum áherslu á jákvæð, hreinskiptin og traust samskipti milli foreldra og starfsfólks þar sem gagnkvæm virðing, samvinna og upplýsingamiðlun eru í fyrirrúmi. Með öflugu samstarfi heimilis og leikskóla skapast bestu forsendur fyrir vellíðan, þroska og námi barna.

Útivera og tengsl við nærumhverfið verða áfram stór þáttur í starfinu. Með bættri aðstöðu á lóðinni og aukinni áherslu á vettvangsferðir verður skapað enn meira svigrúm til náms, leikja og upplifana utan veggja leikskólans. Einnig verður áfram byggt á öflugu samstarfi við Vatnsendaskóla til að auðvelda börnum skilin milli skólastiga og efla tengsl þeirra við skólasamfélagið.

Að lokum verður lögð áhersla á fagþróun og endurmenntun starfsfólks. Með markvissri símenntun, fræðslu og fyrirhugaðri námsferð verður stuðlað að áframhaldandi þróun leikskólastarfsins og styrkingu faglegs lærdómssamfélags innan leikskólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

15. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	**Vegna**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímarammi**	**Ábyrgð**	**Viðmið um árangur**	**Staða**
Börn hafi raunveruleg áhrif á leikskólastarfið	Barnasáttmálinn	Umræður við börn um leikskólastarfið	2026-2027	Deildastjórar	Öll börn hafi rödd	Börnin velja t.d. mánaðarlega hvað er í matinn. Komið í æðakerfi skólans
Starfsmannasamtöl	Heilsa og vellíðan	Deildastjórar taki frá tíma til að sinna þessum þætti	2026-2027	Deildastjórar	Allt starfsfólk hafi fengið samtal.	Deildastjórar taka viðtöl við starfsfólk. Tóku viðtal jan-maí 2026
Börn komi að mati á leikskólastarfinu	Barnasáttmálinn	Börn fái tækifæri til að koma að mati á leikskólastarfinu	2026-2027	Matsteymi	Börn sitji matsfundi, matsgögn frá börnum liggi fyrir	Á byrjunarstigi
Efla málþroska og læsi		Lubba efnið sé í notkun á öllum deildum. Ritmál sýnilegt í umhverfi barnanna. Fræðsla um málörvun til starfsfólks.	2026-2027	Allt starfsfólk	Öll börn þekki til Lubba	Skapa fjölbreyttar og skapandi leikaðstæður sem hvetja börnin til að leika sér með málið og ýta undir áhuga þeirra á læsi. Boðskipti og tjáning eru mikilvægir þættir í samskiptum og er því lögð áhersla á að veita börnunum tækifæri til að tjá sig í daglegum aðstæðum og kenna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

						þeim viðeigandi boðskiptareglur. Ritmál er sýnilegt í leikumhverfi barnanna og ríkulegt og fjölbreytt mál er notað í leik og við daglegar aðstæður. Komið vel á veg
Vinnuaðstaða starfsfólks		Gera aðstöðuna meira aðlaðandi, skapa meira næði.	2026-2027	Stjórnendateymi	Starfsfólki líður vel	Mála vinnuaðstöðu, koma upp hillum og kaupa ferðaborð fyrir fartölvur. Langt komið
Vinna að jákvæðum og styðjandi starfsanda	Heilsa og vellíðan	Hrósa, miðla upplýsingum, deila ábyrgð. Hópefli, uppákomur í daglegu starfi o.s.frv.	2026-2027	Stjórnendateymi og skemmtinefnd	Könnun til starfsfólks	Uppákomur í daglegu starfi smáar sem stærri.
Samskipti og samstarf við foreldra	Heilsa og vellíðan	Áhersla á jákvæð, hreinskiptin og traust samskipti milli foreldra og starfsfólks. Að virðing, samvinna og upplýsingamiðlun séu í fyrirrúmi. Með öflugu samstarfi heimilis og leikskóla skapast bestu forsendur fyrir vellíðan, þroska og námi barna.	2026-2027	Allt starfsfólk	Foreldrakönnun prósent. Könnun til starfsfólks.	Þurfum sífellt að minna okkur á mikilvægi góðra samskipta og samstarfs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun						
Þátttakendur	**Lýsing á námskeiði**	**Markmið**	**Dagsetning**	**Tímafjöldi**	**Kostnaður**	**Ábyrgð**
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í mánuði	Unnið á vinnutíma	Deildastjórar
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Starfsmenn fá tækifæri til að skoða sjálfan sig í starfi og geta komið með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	Haust 2025 og vor 2026	45 mín pr. starfsmann	Unnið á vinnutíma	Deildastjórar (þetta skólaár)
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	Fyrsta vika starfsmanns	ca 30 mín	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og deildastjórar
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	1 x á önn	3 tímar x2 = 6 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Leikskólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Aðalfundur foreldrafélagsins	Kosið í stjórn félagsins og verkum skipt á milli stjórnarmeðlima. Línur lagðar fyrir veturinn	Sept/október	2 tímar	Unnið utan vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	5 Skipulagsdagar	Fræðsla með fyrirlestrum frá ýmsum fagaðilum, deildafundir og yfirferð á starfi og áherslum leikskólans	5 x yfir skólaárið	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur 1	Fyrirlestrar m.a. um Brunavarnir og Teams Hringekkja með ýmsum fræðslumolum inn í	18.sept	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

		starf vetrarins. Hópefli fyrir starfsfólk				
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur 2	Deildafundir og undirbúningur fyrir jólaverkstæði	11.nóv	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur 3	Endurmat á starfi haustsins	15.jan	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur 4	Ekki hefur verið tekin ákvörðun um dagskrá	9.mars	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur 5	Námsferð	7.maí	6 tímar		Stjórnendateymi og ferðanefnd
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur 6	Stefnt er á að fara í námsferð og taka þá auka skipulagsdag (6.skipulagsdaginn) 5.maí eða 10.maí. Skipulag fer á fullt í ágúst	5.maí	6 tímar		Stjórnendateymi og ferðanefnd
Deildastjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í mánuði	1,5 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Deildastjórar	Vinnufundur deildastjóra	Skapa umræður um starfið, skiptast á skoðunum og fá ráðleggingar	1x í mánuði	1,5 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Deildastjórar
Starfsfólk í stuðningi	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu	1x í mánuði	60 min hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri, stuðningsaðili og deildastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Leiðbeinendur	Námskeið fyrir leiðbeinendur	Skapa umræður um starfið, skiptast á skoðunum og fá ráðleggingar	4x fyrir áramót eða 4x eftir áramót	2 klst hvert skipti	Tekið á vinnutíma	Menntasvið Kópavogs
Deildastjórar	Námskeið fyrir deildastjóra	Skapa umræður um starfið, skiptast á skoðunum og styrkja sem stjórnendur		2 klst hvert skipti	Tekið á vinnutíma	Menntasvið Kópavogs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2026 - 2027

Nafn skóla: Leikskólinn Sólhvörf

Skipulagsdagar | Foreldraviðburðir | Skráningadagar | Uppbrotsdagar

		ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ			JÚNÍ			JÚLÍ		
1	L		1	Þ		1	F		1	S		1	Þ	Fullveldisdagurinn	1	F	Nýársdagur	1	M		1	M		1	F		1	L	Verkalýðsdagurinn	1	Þ		1	F	
2	S		2	M		2	F		2	M		2	M		2	L		2	Þ		2	Þ		2	F		2	S		2	M		2	F			
3	M	Fridagur verslunarmanna	3	F		3	L		3	Þ		3	F		3	S		3	M		3	M		3	L		3	M		3	F		3	L			
4	Þ	Sumarlokun	4	F		4	S		4	M		4	F		4	M		4	F		4	F		4	S		4	Þ		4	F		4	S			
5	M	Sumarlokun	5	L		5	M		5	F		5	L		5	Þ		5	F		5	F		5	M		5	M	Auka skipulagsdagur	5	L		5	M			
6	F	Leikskóli opnar 13:00	6	S		6	Þ		6	F		6	S		6	M	Þrettándinn	6	L	Dagur leikskólans	6	L		6	Þ		6	F	Uppstigningardagur	6	S	Sjómannadagurinn	6	Þ	Leikskóli lokar 13:00		
7	F		7	M		7	M		7	L		7	M		7	F		7	S	Dagur tónlistarskólans	7	S		7	M		7	F	Skiuplagsdagur-sam	7	M		7	M	Sumarlokun		
8	L		8	Þ	Dagur læsis	8	F		8	S	Baráttudagur gegn einelti	8	Þ		8	F		8	M	Bolludagur	8	M		8	F		8	L		8	Þ		8	F	Sumarlokun		
9	S		9	M		9	F		9	M		9	M		9	L		9	Þ	Sprengidagur	9	Þ	Skipulagsdagur-sam	9	F		9	S		9	M		9	F	Sumarlokun		
10	M		10	F		10	L		10	Þ		10	F	Jólaball	10	S		10	M	Öskudagur	10	M		10	L		10	M	Vorsýning - opið hús	10	F		10	L			
11	Þ		11	F		11	S	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11	M	Skipulagsdagur-sam	11	F		11	M		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F		11	S		11	Þ		11	F		11	S			
12	M		12	L		12	M		12	F		12	L		12	Þ		12	F		12	F		12	M		12	M	Fundur fyrir nýja for	12	L		12	M	Sumarlokun		
13	F		13	S		13	Þ		13	F		13	S		13	M		13	L		13	L		13	Þ		13	F		13	S		13	Þ	Sumarlokun		
14	F		14	M		14	M		14	L		14	M		14	F		14	S		14	S	Dagur stærðfræðinnar	14	M		14	F		14	M		14	M	Sumarlokun		
15	L		15	Þ		15	F		15	S		15	Þ		15	F	Skipulagsdagur	15	M		15	M		15	F		15	L		15	Þ		15	F	Sumarlokun		
16	S		16	M	Dagur íslenskrar náttúru	16	F		16	M	Dagur íslenskrar tungu	16	M	Jólaleikrit	16	L		16	Þ		16	Þ		16	F		16	S	Hvítasunnudagur	16	M		16	F	Sumarlokun		
17	M		17	F		17	L		17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	M		17	L		17	M	Annar í Hvítasunnu	17	F	Lýðveldisdagurinn	17	L			
18	Þ		18	F	Skipulagsdagur	18	S		18	M		18	F		18	M		18	F		18	F		18	S		18	Þ		18	F		18	S			
19	M		19	L		19	M		19	F		19	L		19	Þ		19	F	Konudagskaffi	19	F	Ruglsokkadagur	19	M		19	M		19	L		19	M	Sumarlokun		
20	F		20	S		20	Þ		20	F	Dagur mannréttinda barna	20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ		20	F		20	S		20	Þ	Sumarlokun		
21	F		21	M		21	M		21	L		21	M		21	F		21	S	Konudagur - Upphaf Góu	21	S	Pálmasunnudagur	21	M		21	F		21	M		21	M	Sumarlokun		
22	L		22	Þ		22	F	Skráningardagar	22	S		22	Þ		22	F	Bóndadagskaffi	22	M	Skráningardagar	22	M	Skráningardagar	22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ	Sumarhátíð foreldra	22	F	Sumarlokun		
23	S		23	M		23	F	Skráningardagar	23	M		23	M	Þorláksmessa	23	L		23	Þ	Skráningardagar	23	Þ	Skráningardagar	23	F		23	S		23	M		23	F	Sumarlokun		
24	M		24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Aðfangadagur jóla	24	S		24	M		24	M	Skráningardagar	24	L		24	M		24	F		24	L			
25	Þ		25	F		25	S		25	M		25	F	Jóladagur	25	M		25	F		25	F	Skírdagur	25	S		25	Þ		25	F		25	S			
26	M		26	L	Evrópski tungumáladagurinn	26	M		26	F	Jólaverkstæði	26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F	Glitrað	26	F	Föstudagurinn langi	26	M		26	M	Aðlögun milli deilda	26	L		26	M	Sumarlokun		
27	F		27	S		27	Þ	Alþjóðlegi bangsadagur	27	F		27	S		27	M		27	L		27	L		27	Þ		27	F	útskrift elstu barna -	27	S		27	Þ	Sumarlokun		
28	F		28	M		28	M		28	L		28	M	Skráningardagar	28	F		28	S		28	S	Páskadagur	28	M		28	F		28	M		28	M	Sumarlokun		
29	L		29	Þ		29	F		29	S		29	Þ	Skráningardagar	29	F					29	M	Annar í Páskum	29	F		29	L		29	Þ		29	F	Sumarlokun		
30	S		30	M		30	F		30	M		30	M	Skráningardagar	30	L					30	Þ		30	F		30	S		30	M		30	F	Sumarlokun		
31	M					31	L							Gamlársdagur	31	S					31	M					31	M					31	L			

Með fyrirvara um breytingar vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna

Skjal sótt af "0000000000" dags: 10.11.2026

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Leikskólanefnd Kópavogs

3. júlí 2026

Efni: Umsögn foreldraráðs Sólhvarfa um starfsáætlun leikskólans skólaárið 2026-2027

Foreldraráð leikskólans Sólhvarfa skipa:
Ástrós Óladóttir

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldraráð hefur kynnt sér starfsáætlun Sólhvarfa 2026-2027

Starfsáætlunin er að mati foreldraráðs vel unnin, lýsir starfseminni vel og er í takt við áherslur og gildi leikskólans. Góð skýring er á tilgangi hvers og eins áhersluþátts, t.d. hvernig Blær verkefnið, verkefni tengd Barnasáttmálanum, málörvun og Lubbi gagnast börnunum með því að setja inn hlekki á nánari upplýsingar. Einnig eru áhersluþáttum og þróunarvinnu komandi skólaárs gefin góð skil. Fylgiskjal 1 - umbótaáætlun lýsir vel þeirri vinnu sem framundan er til að bæta starfið. Sérlega gott er að sjá umbætur varðandi foreldrasamskipti.

Ánægjulegt er að sjá að ekki þarf að fara í ráðningar, heldur að leikskólinn sé fullmannaður. Það gefur vísbendingu um að starfsmenn séu ánægðir í starfi sem er til bóta fyrir börnin.

Foreldraráð er ánægt að sjá að nýjar áherslur í aðalnámskrá passi vel við starfið í leikskólanum og er áfram spennt að heyra af vinnu með ný leiðarljós.

Foreldraráð Sólhvarfa

Ástrós Óladóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026